



Krikaskóli

**FORVARNAR OG
VIÐBRAGÐSÁÆTLUN GEGN
EINELTI**

2023 – 2028

**Virðing, jákvæðni,
umhyggja og framsækni**

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	2
<u>Skilgreining á einelti</u>	2
<u>Forvarnir</u>	2
<u>Frístundastarf</u>	3
<u>Annað forvarnarstarf</u>	3
<u>Viðbragðsáætlun gegn einelti</u>	3
<u>Könnun ef skrifleg tilkynning um einelti berst</u>	3
<u>Viðbrögð skólans við einelti</u>	3
<u>Fylgiskjal 1</u>	5
<u>Fylgiskjal 2</u>	6
<u>Fylgiskjal 3</u>	7
<u>Fylgiskjal 4</u>	8
<u>Fylgiskjal 5</u>	9
<u>Fylgiskjal 6</u>	10
<u>Fylgiskjal 7</u>	11
<u>Fylgiskjal 8</u>	12

Formáli

Börn og unglingar verja stórum hluta af tíma sínum í skóla. Mikilvægt er að tryggja velferð nemenda en þeir eiga ávallt að upplifa öryggi og vellíðan (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Forvarnaráætlun Krikaskóla gegn einelti og ofbeldi byggir að miklu leiti á Jákvæðum aga (Positive Discipline). Hugmyndafræðin „jákvæður agi“ gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Í Krikaskóla er leitast við að fá nemendur til að tileinka sér ákveðin viðhorf og hæfni og eru bekkjarfundir nýttir til kennslu og þjálfunar, en reglulegir bekkjarfundir eru grundvallaratriði í hugmyndafræðinni. *Öllum einstaklingum í skólasamfélaginu er skylt að leggja sitt af mörkum svo hægt sé að tryggja jákvæðan skólabrag* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekin ámælisverð háttsemi af hálfu eins eða fleiri saman, þ.e. hegðun, athöfn eða athafnaleysi, sem er til þess fallin að meiða, niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna, ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Þetta á m.a. við um skilaboð eða aðrar upplýsingar sem miðlað er í síma eða með rafrænum hætti. Hér er þó almennt ekki átt við samskipti eða skoðanaskipti milli jafningja.

Forvarnir

1.– 4.bekkur

- Unnið með jákvæðan aga
- Bekkjarsáttmáli
- Bekkjarfundir vikulega
- Skipting eftir félagslegu samþykki framkvæmt af kennurum bekkjar í október, janúar og apríl ár hvert.
- Greining á samskiptum kennara við nemendur, kennarar framkvæma og gefa sjálfum sér einkunn eftir því hversu lítil eða mikil samskipti þeir eiga við hvern nemanda í hópnum. Rætt á fundi með verkefnastjóra grunnskólastarfs og gerðar áætlanir um viðbrögð ef þess þarf. Miðað við að framkvæmdin eigi sér stað a.m.k. tvisvar á skólaári í október og janúar – febrúar.
- Hlutverkaleikir og klípusögur notaðar í starfi með barnahópum
- Mat á líðan og virkni barna, unnið af foreldrum og barni í aðdraganda foreldraviðtals að hausti.
- Unnið með þemaverkefni sem tengjast vináttu og öðru sem er til þess fallið að styðja við jákvæðan bekkjaranda.

Frístundastarf

Í Krikaskóla er áhersla á samvinnu frístundateymis og kennarateyma í skólanum, frístund er ofin inn í skólalag barnanna að miklu leiti, slíkt eflir börn í félagslegu tilliti og er til þess fallið að skapa enn frekar jákvæðan skólabrag sem er hluti af forvarnarvinnu skólans. Samvinna frístundar og grunnskóla eykur einnig gegnsæi við úrvinnslu eineltismála ef tilkynning um slíkt berst skólanum.

Annað forvarnarstarf

- Stuðla skal að markvissu samstarfi milli heimils og skóla og tryggja með sem bestum hætti að foreldrar þekki Jákvæðan aga og hafi aðgang að upplýsingum og verkfærum sem lúta að málefnum.
- Kynna þarf forvarnaráætlun fyrir foreldrum og starfsfólki skólans í upphafi hvers skólaárs og/eða eftir þörfum.
- Tryggja að Forvarnar og viðbragðsáætlun gegn einelti sé aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Endurskoða þarf helstu forvarnir að hausti og eftir þörfum.
- Starfsmannafundur nýttir til kynninga á forvörnum gegn einelti eftir þörfum og hópurinn upplýstur um nýjar áherslur eða breytingar þegar við á.
- Tryggja þarf að gæsla í útiveru sé virk og skapi öryggistilfinningu hjá börnum.
- Skólapúlsinn – niðurstöður nýttar í forvarnarskyni.

Viðbragðsáætlun gegn einelti

- Eineltisteymi er skipað skólastjóra, verkefnastjóra grunnskólastarfs, verkefnastjóra frístundar, verkefnastjóra sérkennslu, umsjónarkennara einstaklings/a, sálfræðingi frá skólaþjónustu Mosfellsbæjar og skólahjúkrunarfræðingi.

Könnun ef skrifleg tilkynning um einelti berst

- Könnunarviðtal við meintan þolanda.
- Könnunarviðtal við meintan geranda.
- Upplýsinga aflað meðal starfsfólks.
- Foreldrar viðkomandi einstaklinga upplýstir um stöðu mála.
- Könnun máls er í öllum tilfellum háð því að skrifleg tilkynning hafi borist (sjá fskj.1).

Viðbrögð skólans við einelti

- Fundur með þolanda eineltis, foreldrum og kennurum.
- Fundur með geranda eineltis, foreldrum og kennurum.
- Vinnuferli með bekknum samkvæmt faglegu mati.
- Lausnaleitar fundur með foreldrum ef margir koma að máli.
- Allir hluteigandi starfsmenn eru upplýstir um gang mála og beðnir um að vera vakandi og upplýsa stjórnendur eftir þörfum.
- Foreldrum bekkjarins er gerð grein fyrir eineltinu (háð faglegu mati og samþykki þeirra sem eru aðilar máls).

Fylgiskjal 1

Tilkynning vegna gruns um einelti

Tilkynnt dags:
Nafn þolanda og bekkur:
Nafn meints geranda/gerenda:
Hver tilkynnir (kennari, starfsfólk, foreldri, nemandi...)
Hvar á vandinn sér helst stað:
Hve lengi telur tilkynnandi að vandinn hafi staðið yfir:
Lýsið í stuttu máli:

Dags: _____

Ábyrgðaraðili: _____

Fylgiskjal 2

Úrvinnsla máls

Upplýsa eineltisteymi skólans.
Rætt við forráðamenn meints þolanda. Þeir eru upplýstir um vinnu vegna málsins.
Rætt við forráðamenn meints geranda/gerenda og þeir upplýstir um vinnu vegna málsins.
Nýjstu niðurstöður vegna kannanna eins og t.d. tengslakönnun skoðaðar eða þær lagðar fyrir.
Rætt við meintan þolanda.
Rætt við meinta gerendur.
Leitað eftir upplýsingum frá barnahópnum.
Starfsmenn sem koma að nemandanum eru upplýstir um málið, beðnir að fylgjast með og veita upplýsingar.

Könnun máls/ Gátlisti fyrir umsjónarkennara

Dags:

Nafn umsjónarkennara:

Stutt lýsing á atvikum:

--

Fylgiskjal 3

Grunur um einelti eða alvarlegan samskiptavanda

Könnunarviðtal við meintan þolanda

Nafn barns:

Dags:

Barni er gert kunnugt um ástæðu viðtalsins.

Þolanda er gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Krikaskóla og barnið hefur fullan stuðning kennara, starfsfólks og stjórnenda. Rætt er við þolanda. Hvernig líður honum? Hér er honum gerð grein fyrir því að hann á rétt á stuðningi, tryggja skal að þolandi geti sagt frá ef einelti heldur áfram.

Vilt þú segja eitthvað um það sem er að gerast?

Hvernig er komið fram við þig?

Hversu oft hefur þetta gerst?

Hvenær og hvar gerist þetta helst?

Foreldrar eru upplýstir um gang mála

Dags: _____

Ábyrgðaraðili: _____

Fylgiskjal 4

Grunur um einelti eða alvarlegan samskiptavanda

Könnunarviðtal við meintan geranda

Nafn:

Dags:

Barni er gert kunnugt um að ástæða viðtalsins sé að við höfum fengið upplýsingar um að barn sé að koma illa fram við annað barn.

Geranda er gerð grein fyrir því að einelti er ekki liði í Krikaskóla. Mikilvægt er að nemandi sé gerð grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og að haft verði samband við foreldra hans. Barni er gert ljóst að starfsmenn skólans munu fylgjast sérstaklega með honum.

Rætt er við geranda og honum gerð grein fyrir því að hann skal hætta strax að leggja í einelti. Mikilvægt er að ef um fleiri en einn geranda er að ræða að það sé talað einslega við hvern og einn. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

Hvað hefur þú að segja um þetta?

Af hverju heldur þú að þetta sé sagt um þig?

Er eitthvað til í þessu? Er þetta rétt?

Foreldrar eru upplýstir um gang mála

Dags: _____

Ábyrgðaraðili: _____

Fylgiskjal 5

Fundur með þolanda, foreldrum og kennurum

Farið er yfir ferli rannsóknarinnar og niðurstöður kynntar. Farið er yfir þá vinnu sem er í vændum með þolanda, geranda og bekknum (ef þörf er á). Foreldrum er gerð grein fyrir þeim væntingum sem skólinn kann að hafa til þeirra varðandi málið.

- Vera vakandi fyrir líðan barnsins.
- Styðja barnið og hvetja til jákvæðra samskipta.
- Láta skólann vita um það sem getur gagnast við úrvinnslu málsins.
- Foreldrum stendur alltaf til boða að ræða við stjórnendur eða umsjónarkennara um málið.

Framhald ákveðið:

Dags: _____

Ábyrgðaraðili: _____

Fylgiskjal 6

Fundur með geranda, foreldrum og kennurum

Farið er yfir ferli rannsóknarinnar og niðurstöður kynntar. Farið er yfir þá vinnu sem er í vændum með þolanda, geranda og bekknum (ef þörf er á). Foreldrum er gerð grein fyrir þeim væntingum sem skólinn hefur til þeirra varðandi málið.

- Vera vakandi fyrir líðan barnsins.
- Styðja barnið til góðrar hegðunar. Hvatning er mun áhrifaríkari en hunsun, tiltal eða refsing.
- Láta skólann vita um það sem getur gagnast við úrvinnslu málsins.

Framhald ákveðið:

Dags: _____

Ábyrgðaraðili: _____

Fylgiskjal 7

Félagslegt samþykki

Kennarar og fagfólk taka allan hópinn sinn og greina eftir fjórum flokkum. Til að mynda er hægt að nota bekkjarlista og einfaldlega að setja stafi fyrir aftan nöfn barnanna. Merkja M fyrir meðal, H fyrir hafnað, T fyrir týnd og V fyrir vinsæl. Setja plús, mínus eða bæði fyrir framan V eftir því hvort viðkomandi er jákvæður, neikvæður eða jákvæður og neikvæður leiðtogi. Einnig er hægt að bæta við stafnum G ef viðkomandi barn sýnir gerendahegðun.

Þegar þessu er lokið er komið gott yfirlit yfir félagslega stöðu barnanna í hópnum. Eftir það er komið að því að gera áætlanir um vinnuna með þau börn sem þurfa aðstoð.

Mikilvægt er að hafa í huga að í hvert sinn sem barn færir úr H eða T er í raun búið að bjarga barni.

Meðal

Börn sem falla í þennan flokk eiga það sameiginlegt að nokkur hluti hópsins þekkir þau og líkar vel við þau. Þau eiga vini og eru félagslega í fínum málum. Ekki þarf að hafa áhyggjur af þeim félagslega.

Vinsæl

Allir vita hver vinsælu börnin eru og flestum líkar vel við þau. Þau hafa skýra stöðu innan hópsins. Sum vinsæl börn eru jákvæðir leiðtogar en önnur eru neikvæðir leiðtogar. Jákvæðir leiðtogar hrósa, hjálpa, styðja. Neikvæðir leiðtogar stríða, meiða, skilja útundan og særa, ásamt því að draga önnur börn með sér í þessa hegðun. Neikvæðir leiðtogar eiga stóran þátt í að skapa neikvæða menningu í hópnum og viðhalda henni. Sum börn eru bæði jákvæðir og neikvæðir leiðtogar.

Hafnað

Börn sem lenda hér er meðvitað hafnað af hópnum. Er það sársaukafull og erfið reynsla sem hefur neikvæðar afleiðingar. Í sumum tilfellum er börnum hafnað vegna eigin hegðunar en í öðrum vegna annarra þátta, eins og öfundar eða því að barnið er öðruvísi á einhvern hátt. Ef um hegðun er að ræða er það oft hegðun sem hinum börnunum finnst trúflandi, meiðandi eða pirrandi. Þá getur einnig verið um klaufalega félagslega hegðun að ræða, sem og brot á viðurkenndum félagslegum reglum hópsins.

Týnd

Í þennan hóp fara þau börn sem eru feimin, óörugg og hlédræg. Þau tala oft ekki að fyrra bragði, eiga erfitt með að komast inn í leik sem er byrjaður, þora ekki að spyrja eftir öðrum börnum og hreinlega týnast í hópnum. Þau eru ekki eins og þeim sem er hafnað með slæmt orðspor, heldur eru þau ekki með neitt orðspor.

Fylgiskjal 8

Málslok

Fundur með geranda/þolanda, foreldrum og kennurum þar sem farið er yfir þá vinnu sem hefur farið fram. Bæði þolandi og gerandi hafa lýst því yfir að eineltið sé hætt.

Við hvetjum foreldra til að vera áfram vakandi fyrir líðan barnsins og styðja barnið til góðrar hegðunar.

Undirskrift nemanda:

Undirskrift foreldra:

Undirskrift kennara:

Dags: _____

Ábyrgðaraðili: _____